

Verklýsing fyrir undirbúning og verkþætti í inndælingum í sprungur og steypuskil


Verktaki skal bora með reglulegu millibili holur fyrir ídælingarventla. Millibil á milli ventla skal að jafnaði vera hálf bordýptin sem er boruð í hverja sprungugerð fyrir sig. Algengast er að millibilið sé u.þ.b 25 cm á milli ventla. Almennt skal bora skáhallt í gegnum steypuskil þannig að borgatið gangi í gegnum skilin í u.þ.b. miðju þversniðinu. Dýpt og millibil á borholum skal vera í samræmi við dýpt sprungu og viðgerðaraðferð skv. fyrirmælum framleiðanda.

2) Hreinsa skal ryk og önnur óhreinindi úr borholunum með þrýstilofti fríu við olíu. Ef þurfa þykir skal bleyta ídælingarsvæðið í samræmi við ráðleggingar framleiðanda.

3) Festa skal ídælingarventlana og þétta tryggilega í borholurnar þannig að ídælingaefnið gangi ekki upp með ventlinum sjálfum.

4) Ef ídælingarefnið gengur ekki alls staðar út úr skilunum á milli ventla skal verktakinn bora fyrir nýjum ventli á milli þeirra ventla sem fyrir eru og dæla að nýju. Þannig skal tryggja að þéttiefni sé samfellt í sprungum og steypu skilunum.

5) Umframefni og ventla skal hreinsa burt eftir ídælingu. Best er að nota ventla með einstreymisloka (1 day packer) sem hægt er að losa í sundur að lokinni dælingu án þess að efni dælist úr þeim aftur og fylla í borgat með viðurkenndum 2 þátta þenslumúr , t.d Arcan Sealfix 930 , sem er sérhannaður til þess.



Mikilvægt að bora 45 °inn í sprunguna til þess að dælingin nái inn í enda hennar



Fyllt í göt með Sealfix þanmúr